



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS



**Ársskýrsla 2010-2011**

**Forsíðumynd: Bergflóðið á Morsárjökli í Morsárdal**

**Texti: Ingvar Atli Sigurðsson og Erpur Snær Hansen**

**Ljósmyndir: Ingvar Atli Sigurðsson.**

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit</b>	<b>3</b>
<b>Inngangur</b>	<b>4</b>
Hlutverk	4
Stjórn	4
Fjármál	5
Starfmenn	5
<b>Helstu verkefni</b>	<b>6</b>
Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar	6
Berghlaupið í Morsárdal	6
Gabbróhnyðlingar í íslenskum gosmyndunum	7
Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum	8
Ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland.	8
Afkoma lunda í Vestmannaeyjum með tilliti til aldurs	9
Sæsvölumerkingar	9
Farhættir skrofa	10
Staða íslenska þórshanastofnsins	11
Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005	11
Fiðrildavöktun	12
Málþing um Jarðminjagarða (Geopark) á Íslandi	13
Vistfræði Vestmannaeyja	13
<b>Greinar, erindi og veggspjöld</b>	<b>14</b>

## Inngangur

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og var síðasta ár því fimmtánda heila starfsárið. Stutt hlé varð að vísu á starfseminni á árinu 2002 þegar skipt var um forstöðumann. Stofan hefur allan þennan tíma verið til húsa í Þekkingarsetri Vestmannaeyja, áður Rannsókn- og fræðasetri Vestmannaeyja, að Strandvegi 50 í Vestmannaeyjabæ. Þar eru nú einnig útibú Hafrannsóknastofnunarinnar, útibú frá Matís, Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja, Viska - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, útibú Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og Samfrost. Þekkingarsetrið hefur aðra og þriðju hæð hússins til umráða en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er á fyrstu hæð.

Ársskýrsla Náttúrustofu Suðurlands hefur að meðaltali komið út annað hvert ár og fjallar þessi skýrsla um ári 2010 og 2011. Eldri skýrslur má nálgast á heimasíðu stofunnar. Samþykkt var á Náttúrustofuþingi árið 2009 að gefa út sameiginlega ársskýrslu allra Náttúrustofanna og kom sú fyrsta út árið 2010. Samtök náttúrustofa hafa ákveðið að gefa ekki út sameiginlega ársskýrslu fyrir árið 2010 en athugað verður síðar hvort sameiginleg ársskýrsla verður gefin út á ný. Sú ákvörðun að gefa ekki út sameiginlega ársskýrslu var tekin vegna mikils niðurskurðar á fjárframlögum til náttúrustofanna en talsvert kostar að gefa út stóra veglega ársskýrslu.

## Hlutverk

Náttúrustofa Suðurlands starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992 með síðari breytingum) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands (reglugerð 643/1995). Frá stofnun hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri stofunnar.

Helstu hlutverk Náttúrustofu Suðurlands eru samkvæmt lögum:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

## Stjórn

Í stjórn Náttúrustofunnar eru þrír menn og þrír til vara. Skipt var um menn í stjórn eftir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2010. Fram að þeim var stjórnin svo skipuð: Ólafur Lárusson, formaður, Rut Haraldsdóttir, varaformaður og Steinun Jónatansdóttir, ritari. Varamenn, Kristján Egilsson, Sigurhanna



Friðþórsdóttir og Örn Hilmisson. Nýja stjórn skipa: Rut Haraldsdóttir, formaður, Halla Svavarsdóttir, varaformaður og Jóhanna Njálsdóttir, ritari. Varamenn eru: Anton Eggertsson, Kristján Egilsson og Sigurhanna Friðþórsdóttir. Árið 2010 voru haldnir fjórir stjórnarfundir og tveir árið 2011, helstu mál sem stjórnin fjallaði um voru fjárhagsáætlun, ársreikningar, verkefni og starfsmannamál. Fundargerðirnar er að finna á heimasíðum Náttúrustofu Suðurlands og Vestmanneyjabæjar. Núverandi stjórn situr fram að sveitarstjórnakosningum í maí 2014.

## **Fjármál**

Náttúrustofa Suðurlands hefur að mestu byggt reksturinn á föstum framlögum frá ríkissjóði og Vestmannaeyjabæ en einnig hefur verið sótt í styrkfé. Árið 2010 var síðasta árið sem verkefnið: „Áhrif framboðs marsílis, lundaveiða og veðurfarsbreytinga á stofnstærð lunda í Vestmannaeyjum“ var styrkt af Rannís. Aðrir styrkir sem fengust voru frá Veiðikortasjóði (2010 og 2011), Ferðamálaráði Íslands (2010) og Nordic Marine Academi (2010). Á síðustu árum hafa framlög ríkisins og Vestmannaeyjabæjar til stofunnar lækkað verulega og er svo komið að föstu framlögin duga ekki fyrir launum forstöðumanns og grunnrekstri. Viðbótarframlag frá fjárlaganefnd Alþingis til rannsókna á lunda dugur heldur ekki til þess að kosta þá rannsókn. Tekið skal fram að rannsóknastyrkir sem fást nýtast ekki til grunnreksturs eða launa fastra starfsmanna. Náttúrustofa Suðurlands hefur því verið rekin með nokkrum halla síðustu ár og getur það ekki gengið mikið lengur.

## **Starfmenn**

Dr. Ingvar Atli Sigurðsson, hefur verið forstöðumaður frá því í september 2002. Helstu verkefni hans eru daglegur rekstur, fjármálastjórn og jarðfræðirannsóknir.

Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur, var ráðinn sviðstjóri vistfræðirannsókna í júní 2007. Hans helsta viðfangsefni er lundinn við Vestmannaeyjar.

Hálfván Helgi Helgason, meistaranemi í líffræði var í hlutastarfi en ritgerð hans fjallar um lífslíkur fullorðinna lunda.

Margrét Hjálmarsdóttir og Ester Garðarsdóttir eru ritarar fyrir Þekkingarsetur Vestmannaeyja og greiðir Náttúrustofan hluta launakostnaðar.



Starfsmenn Náttúrustofunnar og sjálfbóðaliðar á leið heim úr merkingaleiðangri í Bjarnarey.

## Helstu verkefni

Hér á eftir er fjallað um nokkur verkefni Náttúrustofu Suðurlands árin 2010 og 2011. Einnig skal bent á heimasíðu Náttúrustofunnar: [www.nattsud.is](http://www.nattsud.is)

### ***Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar***


Haldið var áfram að vinna úr bergsýnum sem safnað var í Vestmannaeyjum. Samhliða var unnið við jarðfræðikort af Heimaey. Þetta verkefni er í samstarfi við Dr. Svein P. Jakobsson á Náttúrufræðistofnun Íslands en þar á bæ liggur mikið magn birtra og óbirta gagna sem mun nýtast í þetta verkefni. Búið er að safna um 200 bergsýnum og hafa 63 þeirra verið efnagreind í Kaupmannahöfn. Einnig hafa verið efnagreind 20 eldri sýni úr Surtseyjar og Eldfellsgosunum og þrjú sýni úr Skiphellaborholunni. Sjö bergsýni hafa verið aldursgreind í samstarfi við Dr. Robert A. Duncan hjá Oregon State University og sýna þau að Norðurklettar Heimaeyjar eru um 40.000 ára gamlir. Lítil áhersla hefur verið lögð á þetta verkefni síðustu ár en úrvinnsla hefst vonandi fljótlega aftur.



Norðurklettar Heimaeyjar eru elsti hluti Heimaeyjar. Hér má sjá Stóra-Örn og Klif sem eru um 40.000 ára gamlir og orðnir til við gos undir jökli.

### ***Berghlaupið í Morsárdal***

Náttúrustofan hefur ásamt Náttúrustofu Norðurlands vestra fylgst með breytingum sem hafa orðið á berghlaupinu sem féll á Morsárjökul árið 2007. Niðurstöður rannsókna hafa verið kynntar á nokkrum ráðstefnum, í sjónvarpi (Landinn 14. ágúst 2011) og í lok árs 2011 kom út grein í Náttúrufræðingnum (Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 2011). Áfram verður fylgst með þróun bergurðarinnar á Morsárjökli og er áætlaður einn leiðangur á jökulinn á hverju ári í samstarfi við Náttúrustofu Norðurlands vestra og fleiri.



Gabbróhnyðlingur í basalti. Hvítur jaðar hnyðlingsins samanstendur af plagióklaskristöllum sem uxu frá hnyðlingnum út í bergkvikuna.

### ***Gabbróhnyðlingar í íslenskum gosmyndunum***

Sumarið 2003 fór Náttúrustofan með rússneskum jarðvísindamönnum í hringferð um landið og safnaði sýnum fyrir verkefnið: „Magn endurunninnar úthafsskorpu í bergbráð“. Í sömu ferð voru tekin sýni af gabbróhnyðlingum á nokkrum stöðum auk súrra berghnyðlinga á Tindfjallasvæðinu. Fyrstu niðurstöður rannsókna á þessum sýnum voru áhugaverðar og haustið 2009 var farið með Dr. Andrey Gurenko, sem þá vann á „Woods Hole Oceanographic Institution“ í Bandaríkjunum, í leiðangur um landið til að afla frekari sýna. Í framhaldi af þessari ferð var haldið erindi um hnyðlinga í íslenskum gosmyndunum (Ingvar A. Sigurðsson 2010). Andrey starfar nú við „Centre de Recherches Pétrographiques et Géochimiques“ í Frakklandi og er frekari úrvinnsla gagna áætluð í samstarfi við hann næstu misserin.



Mikið magn hnyðlinga þekur gíginn Saxa austan við Þórisvatn. Mest eru þetta basalt bergbrot úr skorpunni en einnig er þarna nokkuð um gabbróhnyðlinga.



## **Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum**

Rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum voru eitt helsta verkefnið árin 2010 og 2011. Beindust þær að tímasetningu varps, ábúðarhlutfalli (hlutfalli varphola sem orpið er í), varpárangri, fæðu fugla á ungatíma og aldurshlutföllum í veiði, svo helstu liðir séu upptaldir. Lundarannsóknirnar eru samstarfsverkefni vísindamanna á fimm stofnunum: Arnþórs Garðarssonar hjá Háskóla Íslands, Ævars Petersen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, Kristjáns Egilssonar hjá Fiska- og náttúrgripasafni Vestmannaeyja, Páls M. Jónssonar hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja og einnig taka rannsóknirnar til sandsílis í umsjón Vals Bogasonar og Kristjáns Lilliendahl hjá Hafrannsóknastofnuninni. Verkefnið var styrkt af Rannís árin 2008-2010 og var lokaskýrslu skilað til Rannís árið 2011. Talsvert var fjallað um lundarannsóknir á árunum 2010 og 2011 (Erpur Snær Hansen 2010a, b, 2011a, b, c, Erpur Snær Hansen o.fl. 2010). Tveir angar af þessu verkefni eru listaðir hér fyrir neðan.



Hægt er að greina aldur lunda eftir útliti nefnsins. Greiningin er nokkuð örugg fyrir yngri fuglana (2 og 3 ára) en meiri óvissa er með eldri fuglana (4 ára og eldri).

### **Ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland.**

Náttúrustofan hefur síðustu tvö ár fengið styrk úr Veiðikortasjóði til að rannsaka ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland. Farnar voru tveir hringir umhverfis landið bæði árin og voru sjálfbóðaliðar með í för í öll skiptin. Fjallað hefur verið um þessar rannsóknir í ýmsum fyrirlesturum síðustu ár (Erpur Snær Hansen 2011d-g).



## Afkoma lunda í Vestmannaeyjum með tilliti til aldurs

Hálfván Helgi Helgason hefur undanfarið unnið meistaraverkefni við Háskóla Íslands um afkoma lunda í Vestmannaeyjum og líkur því árið 2012. Er verkefnið m.a. byggt á merkingagögnum frá Óskari J. Sigurðssyni og Sigurgeiri Sigurðssyni.




Hálfván Helgi Helgason við rannsóknir á lunda í Vestmannaeyjum.

### **Sæsvölumerkingar**

Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir tveimur ferðum út í Elliðaey til að merkja sjósvölur árið 2010 og einni ferð árið 2011. Auk starfsmanna stofunnar og sjálfboðaliða bæði árin voru nokkrir nemendur sem sóttu námskeiðið: „Vistfræði Vestmannaeyja“ hjá Visku með í för árið 2010. Það ár voru merktar 32 sjósvölur (*Oceanodroma leucorhoa*) og 104 stormsvölur (*Hydrobates pelagicus*), einnig endurheimtust nokkrar merktar svölur. Árið 2011 voru merktar 167 sjósvölur og 212 stormsvölur auk þess sem 14 merktar svölur endurheimtust.

Yfirleitt er farinn einn stór merkingaleiðangur á hverju ári en svona leiðangrar eru aðeins mögulegir með þátttöku sjálfboðaliða. Einnig hafa bjargveiðimenn verið leiðangursmönnum innan handar og bæði árin fékkst leyfi til að nota veiðihúsið í Elliðaey. Þökkum við Elliðaeyingum kærlega fyrir gestrisni og aðstoð.



Farleið og vetrarstöðvar einnar skrofu úr Ystakletti veturinn 2008-2009.

### **Farhættir skrofa**

Dr. Jacob González-Solís frá Universitat de Barcelona hóf rannsóknir á íslenskum skrofum í Ystakletti í lok maí 2006. Rannsóknirnar lúta að farháttum tegundarinnar og eru í samstarfi við Náttúrustofuna og Yann Kolbeinsson sem

nú vinnur á Náttúrustofu Norðausturlands. Ekki voru til nákvæmar upplýsingar um hvar farleiðirnar liggja né hvar vetrarstöðvarnar eru í Atlantshafi en með nýrri tækni er hægt að afla þessara upplýsinga á tiltölulega ódýran og aðgengilegan máta. Notast er við „dægurrita“ (e. *Geolocator*) sem skrá birtu og tíma en þessir ritar voru festir á tuttugu skrofur vorið 2006. Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa svo unnið við það undanfarin vor og sumur að endurheimta ritana og setja nýja á sömu fugla. Endurheimtur hafa verið mjög góðar eða yfir 50% á ári en eftir því sem fuglum hefur fækkað í kerfinu hafa tæki verið sett á nýja fugla. Dægurritarnir sem endurheimtast eru sendir til Spánar þar sem unnið er úr þeim. Frumniðurstöður hafa verið kynntar nokkrum sinnum, þar af þrisvar á síðustu tveimur árum; á alþjóðlegri ráðstefnu í Vancouver (Gonzalez-Solis o.fl. 2010), á Hrafnáþingi og alþjóðlegri ráðstefnu í Annapolis (Yann Kolbeinsson o.fl. 2011a og b). Rannsóknir okkar, ásamt samskonar rannsóknum á öðrum tegundum, urðu einnig til þess að mikilvægt fuglasvæði fannst í Atlantshafi (Wakefield o.fl. 2011).



Ingvar með skrofu í Ystakletti en þar er helsti varpstaður skrofunnar í Vestmannaeyjum.

### ***Staða íslenska þórshanastofnsins***

Í lok árs 2011 birtist grein í Blika eftir Yann Kolbeinsson um stöðu íslenska þórshanastofnsins (Yann Kolbeinsson 2011). Yann er nú á Náttúrustofu norðausturlands en gagnasöfnun fór að hluta til fram á meðan Yann vann á Náttúrustofu Suðurlands.

### ***Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005***


Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi var könnuð árin 2004-2005. Yann Kolbeinsson tók þátt í þessu verkefni og undir lok árs 2011 birtist grein með þessum titli í Blika (Þorkell Lindberg Þórarinsson o.fl. 2011).



## Fiðrildavöktun

Náttúrustofa Suðurlands og Sæheimar settu upp ljósagildru til fiðrildaveiða í Stórhöfða sumarið 2010. Gildran var tæmd vikulega frá lokum apríl mánaðar fram í nóvember 2010 og 2011. Fyrsta árið náðust 183 fiðrildi en 122 árið 2011. Erling Ólafsson á Náttúrufræðistofnun Íslands aðstoðaði við greiningu aflans. Náttúrufræðistofnun Íslands hóf vöktun fiðrilda hér á landi árið 1995 og hefur verkefnið eflst á síðustu árum, meðal annars með þátttöku nokkurra Náttúrustofa. Fjallað var um fiðrildavöktunina árið 2010 á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands (Aðalsteinn Örn Snæpórsson o.fl. 2011).

Algengustu tegundirnar sem komu í gildruna í Stórhöfða voru jarðygla (*Diarsia mendica*), grasvefari (*Eana osseana*), hrossygla (*Apamea zeta*), grasygla (*Cerapteryx graminis*) og brandygla (*Euxoa ochrogaster*). Aðrar tegundir sem veiddust voru gammaygla (*Autographa gamma*), gulygla (*Noctua pronuba*), hnappvefari (*Lobesia littoralis*), sandygla (*Hypocoena stigmatica*), hringygla (*Mniotype adusta*), sandygla (*Hypocoena stigmatica*), tígulvefari (*Epinotia solandriana*), kálmölur (*Plutella xylostella*), dumbygla (*Apamea crenata*), dílamölur (*Rhigognostis senilella*), túnfeti (*Xanthorhoe decoloraria*) og tvær sem ekki hafa íslenskt nafn, *Bryotropha similis* og *Scrobipalpa samadensis*. Áætlað er að vera með gildruna til frambúðar í Stórhöfða og er gildran losuð á sama tíma og aðrar ljósagildirur á landinu þannig að hægt er að bera niðurstöðurnar saman.



Hluti fiðrildanna sem komu í gildruna í Stórhöfða árið 2010.



## ***Málþing um Jarðminjagarða (Geopark) á Íslandi***

Náttúrustofa Suðurlands, ásamt Náttúrustofu Norðurlands vestra, Náttúrustofu Suðurlands, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Jarðfræðifélagi Íslands, stóðu að málþingi um Jarðminjagarða á Ísland í mars 2010. Vegna forfalla eins fyrirlesarans var bætt inn einu erindi: Jarðfræði Íslands, fjölbreytileiki og sérstaða (Ingvar A. Sigurðsson 2010b).

## ***Vistfræði Vestmannaeyja***

Starfsmenn Náttúrustofunnar sáu um gerð námsefnis og kennslu fyrir hluta námskeiðsins Vistfræði Vestmanneyja sem kennt var hjá Visku, Fræðslu – og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, árið 2009. Hluti nemenda kom svo með í merkingaleiðangur Náttúrustofunnar út í Elliðaey í ágúst 2010.



Jarðminjar. Ummerki veðrunar í Tindfjöllum.

## Greinar, erindi og veggspjöld

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Cristian Gallo, Þorleifur Eiríksson, Erlín Jóhannsdóttir, **Ingvar A. Sigurðsson** og Erling Ólafsson 2011. Fiðrildavöktun Náttúrustofanna. Erindi flutt á Líffræðiráðstefnu Líffræðifélags Íslands í Reykjavík, 12. nóvember.

**Erpur Snær Hansen** 2010a. Lundarannsóknir í Vestmannaeyjum. Ársskýrsla Samtaka Náttúrustofa 2009. Bls: 18-21.

**Erpur Snær Hansen** 2010b. Stofnhrun Íslenskra sjófugla: ástæður og úrbætur. Erindi flutt 12. október á 7. Ársþingi Samtaka náttúrustofa, Hótel Hvolsvelli.

**Erpur Snær Hansen**, Marínó Sigursteinsson og Arnþór Garðarsson 2010. Vöktun á viðkomu lundastofns Vestmannaeyja 2007-2010. Veggspjald á Norðurslóðadegi. Breytingar á norðurslóðum. Vöktun umhverfis og samfélags. Samvinnunefnd um málefni norðurslóða 10. nóvember, Norræna húsinu Reykjavík.

**Erpur Snær Hansen** 2011a. Aldurssamsetning veiði, viðkoma og stofnstærð lunda. Erindi flutt 21. janúar á vegum Náttúrustofu Vesturlands og Háskólaseturs Snæfellsness. Ráðhús Stykkishólms.

**Erpur Snær Hansen** 2011b. Stofnrannsóknir á lunda, hlýnun sjávar og sjálfbærni veiða. Erindi flutt 31. mars á Málstofu Umhverfissráðuneytisins og Náttúrufræðistofnunar Íslands: Sjófuglar við Ísland: hvað er að gerast í stofnum sjófugla og hvert stefnir? Hótel Saga.

**Erpur Snær Hansen** 2011c. Lundastofninn í fortíð og framtíð. Veiðiráðgjöf. Opin fundur um lunda- og sílarannsóknir. Ráðgjöf um lundaveiði í Vestmannaeyjum. 12. maí Akóges.

**Erpur Snær Hansen** 2011d-g. Staða lundastofnsins 2011. Erindi flutt með smávægilegum breytingum fyrir: „Starfshóp um endurreisn svartfuglastofna.“ Umhverfissráðuneytið 7.10; Ósýnilega félagið í Hólaskóla 24.10; 8. Þing Náttúrustofa, Egilsbúð, Neskaupsstað 26.10; Veiðifélag Drangeyjar 8.11; Á ráðstefnu Líffræðifélags Íslands 11.11.

Ewan D. Wakefield, L. A. McFarlane Tranquilla, A. Hedd, R. A. Phillips, W. A. Montevicchi, A. Aebischer, M. I. Bogdanova, T. Boulinier, J. Bried, P. Catry, R. J. Cuthbert, F. Daunt, M. P. Dias, C. Egevang, R. Freeman, R. W. Furness, A. J. Gaston, P. Geraldès, O. Gilg, J. González-Solís, J. P. Granadeiro, D. Gremillet, T. Guilford, S. Hahn, K. C. Hamer, Y. Kolbeinsson, M. Kopp, M. C. Magalhães, E. Magnúsdóttir, T. Militão, B. Moe, V. Neves, V. H. Paiva, H. U. Peter, A. E. Petersen, L. R. Quinn, I. Ramirez, R. Ramos, A. Ramsay, P. G. Ryan, R. S. Serrão Santos, **I. A. Sigurðsson**, B. Sittler, I. J. Stenhouse, P. M. Thompson, M. J. Witt, 2011: A newly described seabird diversity hotspot in the deep Northwest Atlantic identified using individual movement data, presented to the Seabird Group 11th International Conference, 2-4 Sep 2011, University of Plymouth, Plymouth, UK.

**Ingvar Atli Sigurðsson** 2010a. Hnyðlingar í íslenskum gosmyndunum. Fræðsluerindi Samtaka náttúrustofa í fjarfundabúnaði, 25. febrúar.

**Ingvar Atli Sigurðsson** 2010b. Jarðfræði Íslands, fjölbreytileiki og sérstaða. Málþing um jarðminjagarða á Íslandi. Haldið í Salnum, Kópavogi 24. mars.

**Ingvar Atli Sigurðsson** 2010c. Surtsey og myndun Heimaeyjar. Kynningarfundur um Surtsey, Svöluot 24. apríl.

Gonzalez-Solis J., Felicísimo A., Trembley Y., Reid T., Carey M., Hodum P., Takahashi A., Munoz J., **Sigurðsson I.**, Thompson D., Ryan P., Cuthbert R., Hedd A., Montevecchi W., Tratham P., Phillips R. and Shaffer S. 2010. Global migration dynamics of transequatorial shearwaters. 1st World seabird conference. Abstracts of invited presentations 17-18.

Sæmundsson Þ., **Sigurðsson I.A.**, Pétursson H.G., Decaulne A. and Jónsson H.P. 2010. The Morsárjökull rock avalanche in the southern part of the Vatnajökull glacier, south Iceland. Geophysical Research Abstracts Vol. 12, EGU2010-10099-1. EGU General Assembly.

**Yann Kolbeinsson** 2011. Staða íslenska þórshanastofnsins. Bliki 31:36-40.

**Yann Kolbeinsson, Ingvar Atli Sigurðsson** and Jacob González-Solís 2011a. Farleiðir og vetrarstöðvar íslensku skrofunnar. Erindi flutt á Hrafnapingi í Reykjavík, 30. nóvember 2011.

**Yann Kolbeinsson, Ingvar Atli Sigurðsson** and Jacob González-Solís 2011b. Migration and fidelity to wintering areas of Manx Shearwaters *Puffinus puffinus* nesting in Iceland. Erindi flutt á The Waterbird 35th Annual Meeting í Annapolis, Bandaríkjunum 10. nóvember 2011.

Þorkell Lindberg Þórarinsson, Ævar Petersen, Árni Einarsson, Halldór W. Stefánsson, **Yann Kolbeinsson**, Róbert A. Stefánsson, Böðvar Þórisson, Þórdís V. Bragadóttir (2011). Dreifing og fjöldi flórgoða á Íslandi 2004-2005. Bliki 31: 31-35.

Þorsteinn Sæmundsson, **Ingvar A. Sigurðsson**, Halldór G. Pétursson, Helgi Páll Jónsson, Armelle Decaulne, Matthew J. Roberts og Esther Hliðar Jensen 2011. Bergflóðið sem féll á Morsárjökul 20. mars 2007. Náttúrufræðingurinn 81 (3-4), bls. 131-141.